



GJALDSKRÁ

fyrir Flateyjarhöfn.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Flateyjarhöfn, sem er í eigu Reykhólahrepps.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu (brt) skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

4. gr.

Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 23 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

5. gr.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 11 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 118 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 13.580 á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en kr. 8.827 á mánuði. Frístundabátar minni en 10 brt. greiði lágmarksgjald 2.716 kr. fyrir hálfan mánuð en kr. 5.160 fyrir mánuð. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Farþegagjald.

Heimilt er að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðinn farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Gjaldið er kr. 1.358 á farþega og að lágmarki kr. 67.901.

7. gr.

Úrgangs- og förgunargjald

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan gr. 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgun á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

1. **Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða 1,4 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 8.148 og hámarksgjald kr. 95.062.
2. **Úrgangsgjald:** Gjald skv. staflíð 1. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,57 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 8.148 og hámarksgjald kr. 40.741.
3. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftár en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt 2. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
4. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Flateyjarhöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 8.827 á mánuði.
5. **Förgunargjald:** Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 17.654 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
6. **Förgunargjald:** Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
7. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis

8. gr.

Festargjöld.

Festargjald við komu kr. 13.580.

Festargjald við brottför kr. 13.580.

Stoppi skip skemur en eina klst. skal greiða samtals kr. 20.370 í festargjöld.

9. gr.

Hafnarverndargjald.

Gjald vegna hafnarverndar er eftirfarandi:

Fastagjald kr. 54.321

Öryggisgæsla:

a) Dagvinna pr. klst. kr. 6.111.

b) Yfirvinna pr. klst. kr. 11.543.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

10. gr.

Skrifstofa Reykhólahrepps sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24% VSK að undanskildu farþegagjaldi sbr. 12. gr. og þjónustu við erlend skip.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

11. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr.61/2003.

IV. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Flateyjarhöfn er sett með heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. 37.gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, á sama tíma fellur á brott gjaldskrá sama efnis nr. 1724/2023.

Reykhólahreppi 11. desember 2024

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri